# Landamerkjamálin
# Bústaðir - Laugarnes & Kleppur 1890-1891

Aðfnr. 1366, örk 5


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

№ 2 Lagt fram í landsyfirdóminum 6. júlí 1891.

[illegible]

Jeg Franz Eduard Siemsen
sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Kunngjöri: Ár 1891 hinn 19. maímán. var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur á skrifstofu sýslunnar í Hafnarfirði og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnunum Þórði Guðmundssyni Þórði Runólfssyni, Gísla Gíslasyni og Halldóri Jónssyni. Var þá fyrir tekið málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen
út af landamerkjum milli Laugarness og Bústaða

Mál þetta var dæmt í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 28. júní f. á. Þessi dómur hefir með dómi landsyfirrjettarins hinn 8. des. s. á. verið dæmdur ógildur sakir lögleysu að efni til og vísað málinu heim aptur. Samkvæmt þessu hefir bæjarstjórn Reykjavíkur krafizt þess, að merkjadóminum að nýju leggi dóm á málið. Eptir að merkjadóminn hafði athugað ástæður landsyfirrjettardómsins, sem var lagður fram með öðrum skjölum málsins, kvað hann upp svofelldan

Dóm.

Mál þetta var hinn 28. dag júnímánaðar f. á. dæmt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu og voru úrslitin þau, að landamerki milli tjeðra jarða ættu að vera: „Úr þrísteinum í Bústaðaholt og þaðan bein lína á fjallið „Keili," skekkjulaust til beggja handa þar til þrýtur land Laugarness- og Bústaða og tekur við Kópavogsland." Þessum dómi hefir verið áfrýjað til landsyfirrjettarins af bæjarstjórn Reykjavíkur og hefir hann með dómi hinn 8. dag desembermánaðar f. á. fellt merkjadóminn úr gildi fyrir sakir lögleysu að efni til og vísað málinu heim aptur, og sem ástæðu fyrir þessum dómi sínum hefir landsyfirrjetturinn tekið fram að merkjadóminn hafi virt að vettugi löggilda vitnisburði m. fl.
Samkvæmt þessum úrslitum landsyfirrjettarins hefir bæjarstjórn Reykjavíkur krafizt þess, að merkjadómurinn að nýju leggi dóm á málið.
Þar sem merkjadómurinn verður að vera þeirrar skoðunar, að hinn sami dómur, eptir almennum rjettarfarsreglum, hvorki hafi heimild til nje sje bær um að fella tvisvar dóm í sama málinu um aðalefni þess, þá vísast málinu frá.
Að því er snertir málskostnað við þessa dómsáleggingu, þá er hann 14 krónur, og virðist hæfilegt að hann greiðist af málspörtum, hvorum að helmingi.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Málskostnað, 14 – fjórtán – krónur, greiði málspartar, hvor að helmingi.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá hans löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Franz Siemsen

Þ. Runólfsson. G. Gíslason. Þórður Guðmundsson. Halldór Jónsson

Frekara eigi fyrir tekið

Rjetti slitið

Franz Siemsen

G. Gíslason. Halldór Jónsson. Þórður Guðmundsson. Þ. Runólfsson.

\+ \+ \+

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Franz Siemsen

KJÓSAR- OG GULLBRINGU-SÝSLA.

Ritgjald 0.50
Stimp. & inns 0.41
Kr 0,91

– níutíu og einn eyrir – borgað Franz Siemsen

Nr 7

Lagt fram á nefndarfundi Kjósar- og Gullbringusýslu 7/12 1894

FrSiemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur